

## 11. gr.

Eftirlitsmaður Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Ytri-Torfustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 133, 23. mars 1993.

*Iónaðarráðuneytið, 4. febrúar 1994.*

F. h. r.  
**Porkell Helgason.**

*Steinunn Bjarmann.*

**REGLUGERÐ****um ráðstöfun á fódurgjaldi til loðdýraræktar.**

## 1. gr.

Af fódurgjöldum sem innheimt eru samkvæmt reglugerð nr. 639/1989, með síðari breytingum, skal fella niður við tollafgreiðslu grunnjald skv. 1. tl. og hluta sérstaks fódurgjalds skv. 2. tl. af innfluttu kolvetnafóðri til íblöndunar í loðdýrafóður og þurrfóðri til loðdýraræktar. Af sérstöku fódurgjaldi skal innheimta 2,10 kr. af hverju kg.

## 2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið veitir heimild til niðurfellingar á fódurgjöldum og tilkynnir tollstjórum um innflytjendur loðdýrafóðurs sem það veitir rétt á niðurfellingu fódurgjalds. Heimildir til niðurfellingar skulu gefnar til eins árs í senn og takmarkaðar við fódurtegundir og erlenda framleiðendur (seljendur). Umsókn um niðurfellingu skal fylgja vottorð frá eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins þar sem fram komi að viðkomandi fóður sé sérstaklega framleitt til loðdýraræktar.

Um skil á hluta hins sérstaka fódurgjalds fer samkvæmt 4. gr. rg. 639/1989. Þó skal Framleiðsluráð landbúnaðarins halda sérgreindan reikning yfir fódurgjöld skv. reglugerð þessari í endurgreiðslureikningi.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. rg. 639/1989 skal ekki veittur greiðslufrestur á þeim hluta hins sérstaka fódurgjalds sem innheimtur er skv. þessari reglugerð.

## 3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal mánaðarlega greiða hið sérstaka fódurgjald, sem innheimt hefur verið, til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sem ráðstafar því til verkefna í þágu loðdýraræktar, að fengnum tillögum Sambands íslenskra loðdýraræktenda og eftir ákvæðum 2. mgr. 33. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

## 4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 629/1987 um innheimtu og ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar og reglugerð nr. 41/1989 um breytingu á þeirri reglugerð.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. febrúar 1994.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

## G J A L D S K R Á

**fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1994.**

## 1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994.

## 2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

## 3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

		Kr.
A) Íbúðir	Sorphreinsigjald	2.550
	Sorpeyðingargjald	1.450
B) Fyrirtæki	Sorphreinsigjald	5.100
	Sorpeyðingargjald	5.000
	Flokkur 1	20.000
	Flokkur 2	40.000
	Flokkur 3	60.000
	Flokkur 4	80.000
	Flokkur 5	80.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

*Umhverfissráðuneytið, 28. janúar 1994.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*